

Sólin bauð upp á sjónarspil við birtingu



Fögur sjón mætti íbúum Ólafsvíkur við birtingu mánudagsmorguninn 13. nóvember síðastliðinn. Byrjaði að birta rétt upp úr klukkan 9 um morguninn og var sólrís klukku tíma síðar. Þegar geislar sólar fóru að láta sjá sig tók himininn á sig bleikan og appelsínugulan blæ og var líkt og um málverk væri að ræða. Þórey Úlfarsdóttir náði þessari mögnuðu mynd af sjónarspilinu.

Nú styttist daginn ört og er ekki langt í að sólin hætti að sjást í Ólafsvík og Grundarfirði. 22. desember verða vetrarsólstöður og þá tekur daginn að lengja aftur. Myrkustu tímar ársins eru því gengnir í garð en kertaljós og ljósaseríur birta upp skammdegisd á meðan.

SJ



RAÐHÚS TIL SÖLU

Kynni til sölu ný fullbúin raðhús. Húsin eru vel skipulögð og nýttast vel. Parket og flísar á gólfum. Innréttingar frá IKEA. Innbyggð raftæki í eldhúsinnréttingu. Upptekin loft og góð lofthæð. Steypt bílaplan. Sól pallur. Lóð þökulögð.



- | | |
|---|-------------|
| Helluhóll 12a. 122,9fm.
Þrjú svefnherbergi og innbyggður bílskúr. | Verð: 57,5M |
| Helluhóll 12b. 73,5fm.
Tvö svefnherbergi. | Verð: 34,9m |
| Helluhóll 12c. 122fm.
Þrjú svefnherbergi og innbyggður bílskúr. | Verð: 57,5m |

Húsin eru tilbúin til afhendingar. Möguleiki á hlutdeildarláni frá HMS og 5% útborgun.



Nánari upplýsingar veitir:

BOGI MOLBY
Löggiltur fasteignasali
☎ 699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Unglingadeildin Drekinn á ferðalagi

Unglingadeild björgunarsveitarinnar Lífsbjargar, Dreki, heldur úti öflugu starfi fyrir unglunga og í lok október fór hún í ferð í Skorradal ásamt Unglingadeildinni Björgúlf frá Hafnarfirði. Unglingarnir úr Drekanum lögðu í hann á föstudeginum 27. október og um kvöldmatarleytið komu þau í skálann Skátafell í Skorradal ásamt umsjónarmönnum og hittu þar Unglingadeildina Björgúlf. Tóku þau fyrsta kvöldið í skemtilega leiki til að þjappa hópnum saman og kynnst hvoru öðru. Laugardagurinn hófst á jóga til að koma mannskapnum í gang og svo var farið í stöðvavinnu þar sem unglungarnir æfðu sig í böruburði, leitartækni, doblun og boðhlaupi. Svo fóru þau í sundferð í Hreppslaug og um kvöldið var haldin kvöldvaka. Þar var spilað mikið af skemmtilegum leikjum og unglungar jafnt sem umsjónarmenn voru með atriði. Eftir kvöldvökuna var komin á ró og fljótt sofnuðu allir. Umsjónarmenn ferðarinnar höfðu þó aðrar hugmyndir og voru unglungarnir vaktir upp með látum klukkan hálf þrjú. Þá höfðu þeir umsjónarmenn farið út í móa í kringum skálann, unglungunum var skipt í hópa og þau send út að leita. Þá var einn þeirra týndu með geðklofa, annar fótbotinn og sá þriðji ökklabrotinn. Tók björgunarleiðangurinn um klukku-



stund, unglungarnir unnu vel saman, margt gekk vel og annað hefði getað gengið betur en fyrir það eru æfingarnar gerðar og lærðu þau mikið af reynslunni. Á sunnudeginum var gengið frá skálanum og allir gerðir ferðbúningar þó að þreyta hafi verið í mannskapnum eftir skemmtilega en langa nótt.

SJ

Getraunir 1x2
Munið félagsnúmer Víkings - 355

Aðventugleði í næstu viku

Þann 23. nóvember næstkomandi munu verslanir og þjónustuaðilar í Ólafsvík, Hellissandi og Rífi taka höndum saman og bjóða íbúum til aðventugleði í aðdraganda jóla. Viðburðurinn hefur undanfarin þrjú ár kveikt á jólaskeppinu hjá íbúum Snæfellsbæjar. Mikið líf hefur verið í bænum á þessum degi og yndisleg hefð skapast. Menningarnefnd Snæfellsbæjar mun opna dyrn-

ar á Pakkhúsinu fyrir félagasamtökum og öðrum sem vilja taka þátt á þessum skemmtilega degi. Skráning fer fram á netfanginu menningarnefnd@snb.is. Mun menningarnefndin setja pakkhúsið í jólabúning, býður upp á jólaglög og stuðlar að uppkomum í bænum sem gleðja unga sem aldna

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



VERSLUNIN VOOT Í ÓLAFSVÍK ER UMBOÐSAÐILI ORMSSON

Við erum með úrval af heimilistækjum og sjónvörpum frá m.a. AEG og Samsung til sýnis í versluninni.

Sömu verð og hjá Ormsson í Reykjavík.....og við borgum flutning.

KÆLIKÁPAR OG
FRYSTISKÁPAR



OFNAR OG
HELLUBORÐ



ÞVOTTAVÉLAR
OG ÞURRKAARAR




VÍNKÆLAR



RYKSUGURÓBÓTAR
OG RYKSUGUR



SJÓNVÖRP 43" - 98"



4K LASER
SKJÁVARPAR



Ólafsbraut 19
Sími 436 1214
olafsvik@voot.is
www.voot.is

ORMSSON

Börn á Krílakoti gáfu Jól í skókassa

Líkt og kom fram í síðasta tölu-
blaði Jökuls fór móttaka Jól í skó-
kassa fram á Snæfellsnesi í byrjun
mánaðarins. 131 gjöf fór frá Snæ-
fellsnesi en 4.020 gjafir bárust ver-
kefninu á landsvísi. Það þýðir þá
að hægt er að gleðja 4.020 úkra-
ínsk börn og fjölskyldur þeirra um
jólin. Tvær af þeim 131 gjöf sem
ferðast nú til Úkraínu komu frá
hjartagóðum börnum á leikskól-
anum Krílakoti. Þá tóku árgangur
2018 og 2019 sig til ásamt for-
eldrum og starfsfólki og söfnuðu
saman í skókassa í sameiningu.
Í skókassana er ætlast til að fólk
setji að minnsta kosti tannbursta,
tannkrem og sápuþykki en svo er
mælt til að að minnsta kosti einn
hlutur úr fimm flokkum fari í kass-
ann, það eru leikföng, skóladót,
hreinlætisvörur, sælgæti og föt.
Börnin söfnuðu hlutunum sam-
viskusamlega saman en hvert
barn kom með einn til tvo hluti
af listanum og þannig safnað-
ist í veglega gjöf. Fimmtudaginn
2. nóvember komu börnin fær-
andi hendi í Áttthagastofu Snæ-
fellsbæjar þar sem Sigurbjörg Jó-



hannesdóttir tók á móti þökkun-
um sem tengiliður Jól í skókassa.
Verkefni sem þetta er bæði gef-
andi og fræðandi og höfðu bæði
börn og starfsfólk gaman af því
að láta gott af sér leiða og gleðja
börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma
og erfiðleika.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

Kántrí messa

Setbergsprestakall ásamt Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli

Hvar



Ólafsvíkurkirkja

Hvenær



Sunnudaginn 19.
nóvember kl. 14

Hvað



Guðspjónusta á léttu
nótunum með tónlist í
kántrístíl. Léttar
veitingar að messunni
lokinni

Hver



Eva Dögg Sveinsdóttir
og Einar Sigurmundsson
ásamt kórum
safnaðanna

Fögnun adventu í heimabyggð

Rekstraraðilar í Ólafsvík, Hellissandi og Rifi taka höndum saman, fagna aðventunni og bjóða upp á lengri opnunartíma fimmtudaginn 23. nóvember.

Það verður lifandi stemning í bænum og sameinumst við um að eiga notalega stund hér í heimabyggð þar sem fólk getur gert góð kaup og notið lífsins fyrir jólin.

Í boði verða ýmis tilboð, lifandi tónlist og skemmtilegar uppákomur. Nánari upplýsingar koma inn á Facebook-viðburð sem hægt er að nálgast með QR-kóðanum niðri í hægra horni auglýsingarinnar og í Jökli í næstu viku.

Hlökkum til að sjá þig!

Opnið til

21:00

23. nóvember

*Ver slum
í heimabyggð*

*Kósheit
í Snafellsbæ*



Malbik í stað ristahliðs

Fyrr í mánuðinum var ristahliðið austanmegin við Grundarfjörð fjarlæggt þar sem það var orðið lélegt og verður ekki sett nýtt hlið fyrr en það fer að vora.

Það átti eftir að laga sárið við hliðið og var það gert nú í vikunni. Vegagerðin ásamt Stafnafell sá um að laga til undir malbik sem Bala-tá ehf sá um að koma með.

Balatá ehf á malbikunnar hitakassa sem kynntur er með gasi og getur hitað upp og haldið því heitu og tekur kassinn 15 tonn. Með því að nota þennan malbik-unarkassa er hægt aðleggja malbik í kaldara veðri og ná samt sem áður malbikinu sléttu.

ÞA



Átak í sundi

Í nóvember er landsátak í sundi. Þetta er heilsu- og hvatningarátak á vegum ÍSÍ til þess að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Það er margt sem við getum gert til þess að bæta líkama og sál. Íslendingar hafa verið duglegir að stunda sund enda búum við að góðum sundlaugum. Einnig er þetta frábær og skemmtileg tómstundaiðja


sem öll fjölskyldan getur stundað saman. Á heimasíðu Syndum! má fylgjast með þeim þáttakendum sem skrá sína sundmetra á meðan átakinu stendur. Til þess að skrá sundmetra þá þarf að skrá sig inni á www.syndum.is. Þeir sem taka þátt í skráningu gætu unnið glæsilega vinninga en nokkrir heppnir verða dregnir út í lok mánaðarins.

JJ



 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Grindvíkingum tekið opnum örmum

Íbúar Grindavíkur búa nú við gríðarlega erfiðar aðstæður í tengslum við jarðhræringarnar á Reykjaneskaga og var bærinn rýmdur síðastliðið föstudagskvöld. Tæplega þrjú þúsund íbúar Grindavíkur hafa þurft að yfirgefa heimili sín og leita sér skjóls hjá vinum, ættingjum eða á öðrum stöðum en 160 manns þurftu að leita skjóls hjá fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins. Mikill samhugur er hjá fólki um land allt og flestir boðnir og búnir til að veita hjálparhönd í þeim stóru óvissuverkefnum sem framundan eru. Bæði Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær hafa gefið út yfirlýsingu um að íbúum Grindavíkur sé tekið opnum örmum. Tekið er á móti börnum og ungmennum sem koma til tímabundinnar dvalar í leikskóla Snæfellsbæjar, leikskóla-deildina Eldhamra í Grundarfirði og grunnskóla beggja bæjarfélaganna. Ungmennafélag Grundarfjarðar og Ungmennafélag Vikings/Reynis hafa einnig gefið út boð til Grindvískra barna og ungmenna um að taka gjald-



GRINDAVÍKURBÆR

frjálst þátt í íþróttastarfi á vegum félaganna og CF Snb, Heilsuefning 60+ í Grundarfirði, Líkamsræktin og Sólarспорт hafa boðið Grindvíkingum að æfa hjá sér án endurgjalds. Eins og staðan er núna er ekki vitað hvert framhaldið verður, hvort verði af gosi eða ekki og hvað það standi þá lengi ef til þess kemur. Grindvíkingar finna fyrir miklum stuðning og hlýhug á þessum erfiðu tímum en fólk er boðið og búið til að lána húsgögn, fatnað, leikföng og aðrar nauðsynjar sem kann að vanta og hefur hópurinn Aðstoð við Grindvíkinga verið stofnaður á Facebook í þeim tilgangi. Þá er þeim sem vilja bjóða laust íbúðarhúsnæði til Grindvíkinga bent á að skrá það á heimasíðu Rauða krossins.

SJ



AKSTURSTYRKIR

Aksturstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan aksturstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómsundaiðkun.

Árlegur aksturstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna aksturstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Sædís á æfingum með Chelsea

Sædís Rún Heiðarsdóttir, landsliðskona og vinstri bakvörður Stjórnunnar, er nú á reynslu hjá Chelsea. Sædís flaug út til Englands 1. nóvember síðastliðinn og dvaldi þar í 10 daga og æfði með liðinu. Chelsea er sigursælasta liðið í kvennaboltanum á Englandi, það hefur sex sinnum orðið Englandsmeistari og er það sem stendur í 1. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir sex leiki.

Sædís hefur heldur betur sannað sig undanfarið en hún átti virkilega gott sumar í Bestu deildinni í sumar með Stjórnunni, spilar sem fyrirliði U19 landsliðs kvenna og vann sér inn sæti í A landsliði kvenna nýlega. Sædís er búin að spila þrjá A-landsleiki og byrjaði hún tvo þeirra, gegn Danmörku og Þýskalandi. Samkvæmt heimildum Fotbolti.net er mikill áhugi á Sædís erlendis frá en

nokkur tilboð komu í Sædís í fyrra sem Stjarnan hafnaði. Eins og hefur komið fram dvaldi Sædís í London í 10 daga og æfði þar með Chelsea, sagði hún æfingarnar hafa gengið vel og að

skemmtilegt væri að sjá umhverfið úti. Hvað mun gerast í framhaldinu er ekki komið á hreint en það er þó víst að framtíðin er björt hjá Sædís.

SJ



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

**Sími: 430 3700
www.fmis.is**



Bókaveisla á Klifi 2023



Auður




Auður Ava





Vilborg



Þórarinn



Sævar Helgi



Þriðjudaginn 28. nóvember kl. 20:00
10.bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar sér um að kynna höfundana.
Aðgangur ókeypis.

Höfundar árita bækur á staðnum.

